

Dagsetning: 20. október 2025

Tími: Kl. 15:00

Staður: Hvammstangi

Fundarstjóri : Grétar

Ritari : Katrín

Mætt: Grétar, Valgeir, Elsa, Unnur, Lúlli M, Lúlli K, Emelía, Katrín, Borja, Rósborg

Uppfærð afreksstefna 2026–

- Afreksstjóri kynnti grunninn að nýrri afreksstefnu.
- Strandblak á að koma sterkt inn í stefnuna. Áhersla verður á að tryggja aðgang að æfingaaðstöðu – annars verður erfitt að sinna afreksstarfi.
- Hugmynd um að færa afreksbúðir út á land, t.d. til Grundarfjarðar, Laugarvatns, Flúða, Húsavíkur eða Neskaupstaðar, þar sem þátttakendur dvelja yfir helgi.
- Tillaga um að leyfa yngri landsliðum að spila sem gestalið í efstu deild. Þarf að skoða áhrif þess á 1. deild, möguleika leikmanna á að spila í fleiri flokkum og skilgreina þetta sem afreksverkefni.
- Greining þarf að fara fram á kostnaði, fjölda leikmanna, þjálfun og starfsfólki í kringum verkefnið.
- Áætlun: Afreksstefnan skal unnin fram að ársþingi og borin þar upp. Stjórn BLÍ kynni sér stefnuna með ráðgjöf frá afreksnefnd ÍSí.

2. WLVT – Ungmennaráð

- Verkefnið fær eyrnamerkta fjárstuðning.
- Áform eru um að stofna ungmennaráð skipað þátttakendum í WLVT sem vinna að verkefnum fyrir BLÍ.
- Félög sem taka þátt 2025-2026 : Afturelding, Fylkir, HK, KA og Próttur Fj.
- Helstu verkefni:
 - Framleiða markaðsefni fyrir samfélagsmiðla.
 - Taka þátt í verkefnum tengdum Silver League og bikarmótum: sjá um sjálfboðaliða, markaðsmál, skýrslugerð til CEV og aðstoð yfir keppnisdaga.
 - Taka þátt í skólablaki og hæfileikabúðum.
 - Fara í ferð til Hollands í lok tímabils / næsta haust og hitta önnur WLVT-ráð.

- Ungmennaráð leggur fram eigin hugmyndir um hvernig þau vilja starfa og vera virk.
 - **Kostnaðaráætlun:** Hámark 2,8 m.kr. – afgangur verður 2,3 m.kr.
-

3. Strandblak – afreksverkefni

- Samþykkt samhljóða að afreksverkefni strandblaks heyri undir afreksnefnd BLÍ.
 - Kalli Sig hefur gefið samþykki fyrir því að ganga inn í afreksnefndina og mun hann einbeita sér sérstaklega að afrekshluta strandblaks.
 - Það þarf að vinna frekar í aðstöðumálum – BLÍ ætti að þrýsta á ÍSÍ og sveitarfélög um að byggja upp strandblaksvelli, einnig innanhúss.
 - Tillaga: Setja ramma utan um EM-verkefnið. Stofna sérstaka nefnd sem heldur utan um framkvæmd verkefnis, þar á meðal auglýsingar, samstarfsaðila og tímafresti (t.d. fyrir skil á sponсорum og auglýsingum á búninga).
 - Hafa fund með EM förunum fyrstu vikuna í nóvember til að hefja fjáraflanir. Búa til netfang og Unnur Ása var tilbúin til þess að leiða það verkefni aðeins.
-

4. Leikmannasamningar

- Rætt var um hlutverk BLÍ þegar kemur að leikmannasamningum félagsliða.
- Lagðar verða fram tillögur að breytingum á leikmannasamningum BLÍ á ársþingi 2026

5. Skólablakið

- Skólablakið klárast vorið 2026 en spurning er hvernig við höldum áfram með verkefnið.
- Hlutverk klúbbanna er mikilvægast þar sem þu verða svo að fá börnin til sín á æfingar.
- Fókussinn í ár hefur verið á minni viðburði í stað stórra viðburða vegna þess hve mikil umgjörð eru í kringum stóru mótin.
- Gunnar Bjarki Hilmarsson, hefur verið að fara í skólakynningar á vegum HK og er það partur af starfsnámi hans í Menntaskólanum í Kópavogi og hefur hann líka verið að aðstoða afreksstjóra með skólaheimsóknir.

6. Menntun þjálfara

- Umræða um menntun þjálfara byrjaði en það er umræðuefni sem þarf að taka frekar á næsta stjórnarfund.
- Hvaða kröfur á að setja í neðri deildir?
- Hvernig skal fylgjast með þjálfurum og passa að allir séu að taka rétt námskeið?

Fundi lokið kl 19:00